

JOAN TURVILLE-PETRE

HETJUKVÆÐI Á ÍSLANDI OG Í WALES

SÁ skáldskapur tveggja þjóða sem ég hyggst athuga lauslega hér á eftir er í senn fornlegur og fræðilegur. Hetjukvæðin sem við þekkjum nú eru til orðin á miðöldum. Efnið er hetjudáðir sem drýgðar voru löngu á undan skáldskapnum sem frá þeim segir, en þó mun ég ekki reyna að skyggjast inn í gráa fornescju. Hér verður aðeins vikið að útbreiðslu þesskonar skáldskapar meðal ýmissa Evrópuþjóða á öndverðum miðöldum: meðal keltneskra ekki síður en germanskra þjóða. Skipulag þjóðfélagsins og efni fornfræðanna var mismunandi, enda setti hver þjóð efnið fram á sinn sérstæða hátt. Eða, sagt með orðum Einars Ólafs: allur kveðskapur mótast af tilgangi sínum, vettvangi og flutningi.

Íbúar Bretlands höfðu verið velskir frá fornu fari og höfðu sterka tilfinningu fyrir innlendum rótum sínum. Ættflokka-samfélög þeirra áttu í stöðugum deilum, en öldum saman voru þeir þó jafnan reiðubúnir til að sameinast á móti engilsaxneskum fjandmönnum sem her-tóku mikið af löndum þeirra og ágirtust sífellt meira og meira. Aftur á móti voru Íslendingar innflytjendur sem geymdu auðugar minningar um gamla heimalandið. Svo sem oft verður með innfluttum mönnum þótti fólkinu sérstaklega vænt um gamlar erfðavenjur, og landnámsmennirnir lögðu ríkan hug á að varðveita þær.

Ég vildi eftir föngum athuga hetjukvæðin frá sjónarhóli miðalda, það er að segja á bókmenntaöldinni þá er sumir menn, að minnsta kosti, voru orðnir læsir og fengu þess vegna víðara útsýni yfir liðinn tíma; gátu líka lagfært röð viðburðanna samkvæmt tímatali sem þeir lærðu af bókum. Þegar þar var komið hafði kirkjan lagt til aðrar hetjur og nýjar þrekraunir.

Ég ætla alls ekki að gera samanburð á heiðni og kristni, hvorki varðandi söguefni né annað. Ég vil aðeins leggja áherslu á eina staðreynd: að frá þessum áfangastað eigum við að hefja förina, á þessu tímabili er fyrst hægt að athuga það sem eftir er af hetjukvæðunum. Á þeim tíma

voru skáldin orðin vör annarra menningarstrauma utan sinna heima-haga, og arfsagnir þeirra birtust þeim í nýju ljósi.

Í fyrsta lagi mun ég ræða um hirðskáldin, starf þeirra og stöðu í þjóðfélaginu; og ég leyfi mér að bæta við það stuttu yfirliti um bragarhátu þá sem velsk skáld notuðu í hetjukvæðum. Í annan stað mun ég líta á þá vitnisburði sem finna má um hetjukvæði á fyrstu tímum ritaðra heimilda. Síðan mun ég lýsa ástandinu eins og það var þegar elstu varðveitt handrit velskra kvæða voru færð í letur, og loks mun ég víkja að nokkrum einkennum hinna elstu velsku hetjukvæða.

Hirðskáldið, hvort sem var í Wales eða í Noregi, þurfti að vera fróður maður, vel kunnugur fornum hetjudáðum. En söguefnið sjálf var aðeins hluti af kunnáttu hans. Honum hæfði einnig að vita hvenær og með hverjum hætti skyldi flytja hetjuefni. Áhrifamesta dæmi um flutning hetjukvæðis sem ég minnst er frásögnin af Þormóði Kolbrúnarskáldi, rétt á undan Stiklarstaðaorrustu. Í dögum kallar Ólafur konungur á Þormóð og biður hann að flytja kvæði nokkurt. Þá kveður hann Bjarkamál hin fornu, og varð konungur vel ánægður með þessa Húskarlahvöt.

Þormóður kunnir góð skil á kostum þess að yrkja undir fornyrðislagi. Velsk skáld áttu engan svo einfaldan bragarhát. Allir bragarhættir þeirra voru með endarími. Á elstu tímum notuðu þeir stuðla og einnig stundum hendingar innan hvers vísuorðs, en með fremur óreglulegum hætti. Sú regla sem nefndist *cynganedd* ('samhljóðun' stuðla og hendinga) var ekki fullmynduð fyrr en á 13. öld.

Frumháttur lofkvæðisins nefndist *awdl* og var með löngum vísuorðum óákveðnum að tölu. Sama endarím hélst gegnum allt kvæðið, eða að minnsta kosti í löngum runum. Greina má sex mismunandi háttu:

a) 9/10 atkvæði:

Gwyr a aeth Gatraeth oedd fraeth eu llu;
glasfedd eu hancwyn, a gwenwyn fu. (Aneirin)

'Reiðubúinn var hópur manna sem fóru til Catraeths-orrustu; þeir fengu skenktan gulan mjöð, og varð þeim að eitri.'

b) 8 atkvæði:

Arwyre gwyr Catraeth gan dydd
am wledig gweithfuddig gwarthegydd. (Taliesin)

‘Hermenn Catraeths fóru á fætur í dögum umhverfis drottin sinn, sigursælan og rángjarnan á nautgripi.’

c) 5+5 atkvæði:

Nid raid ymhoffedd, Urien ni'm gomedd;
Llwyfenydd tiredd is meu eu reufedd. (Talesin)

‘Ég þarf ekki að hælást um, Urien mun ekki synja mér; auðæfi Llwyfenydd falla mér í skaut.’

d) 7+7 atkvæði; það 7da rímar við niðurlag orðs í 9du til 12tu stöðu:

Enaid Owain ap Urien, gobwyllid Rheen o'i raid,
Rheged udd a'e cudd tromlas, nid oedd fas ei gwyddaid.
(Talesin)

‘Sál Owains sonar Uriens, megi Drottinn hyggja að þörfum hennar; drottinn Rhegeds er þakinn þungri grænni torfu, ófamikill var orðstír hans.’

e) 12 atkvæði; rím í 4ða og 8da:

Heesid eis yng cynnor treis yng cad fereu;
goruc wyr llyddw a gwragedd gwyddw, cyn no'i angeu.
(Aneirin)

‘Spjótum hans rigndi fremst í fylkingunni, í geirleiknum; fyrir honum hlutu menn að lúta, og konur urðu ekkjur, áður en hann dó sjálfur!’

f) 10+6 atkvæði; 7da, 8da eða 9da rímar við 16da, og önnur geta rímað saman:

Gwrthodes gogyfres gwelyddon lliaws,
Run a Nudd a Nwython.
(Talesin)

‘Hann hratt af höndum sér sameiginlegri árás kúgaranna, þeirra Run, Nudd og Nwython.’

Bragarháturinn *englyn* er ekki talinn hér með, þótt fornhetjur komi einnig fram í kvæðum með þeim hætti. Í upphafi var hver vísa í *englyn* þrjú vísuorð. Bragurinn þótti hentugur fyrir tregaljóð, hugleiðingar og forn fræði af ýmsu tagi, en hann var ekki notaður í hinum göfugustu hirðkvæðum.

Hirðskáldin í Wales voru gæslumenn veraldlegra fræða á þjóðtungunni, fræða sem náðu yfir hetjusögur, ættvísi og lögspeki. Þau héldu áfram að gegna sínu hlutverki enn um hríð þótt aðrir fræðimenn kæmu til skjalanna. Þau leituðu undir verndarvæng höfðingja sem kunnu vel að meta þjónustu slíkra sérfræðinga, fengu þeim viðurværi og launuðu með góðum gripum. Skáldið átti fyrir sitt leyti að gegna föstu embætti í þjónustu valdastéttarinnar. Þannig myndaðist skipulögð skáldastétt í keltneskum löndum sem hélst allar miðaldir. Lögfest voru réttindi skálda á ýmsum stigum og verðlaun fyrir ýmsar tegundir skáldskapar. Greinilegast er þetta á Írlandi, en kemur einnig fram að nokkru í Wales. Þessi skáldahefð og hin munnlegu fræði héldust best við á strjálbyggðum svæðum þar sem heildarstjórn landsins var veik og höfðingjar héldu hirðir hver um sig.

Kristin trú barst til Bretlands og kirkja var stofnsett þegar á 6. öld: trúboðar, prestar og biskupar störfuðu jafnframt veraldlegum fræðimönnum. Í Noregi var kristnin innleidd með harðri baráttu og vopnavaldi. Samt sem áður vildu Ólafur Tryggvason og Ólafur helgi ekki reka frá sér íslensku skáldin — þótt þeir vildu helst fá þau til að taka skírni. Sögnin um Norna-Gest hlýtur að vera dæmisaga: ætlunin virðist vera að sýna hversu heiðin fræði gátu þrífist við kristna hirð Ólafs Tryggvasonar. Gestur tjáði sín fornu fræði í óbundnu máli. En hann byrjaði með því að flytja kvæði um Gunnar, með hörpuslætti; og hann flutti líka Guðrúnarbrögð hin fornu.

Norna-Gestur hafði rétt fyrir sér er hann taldi að sagnir sínar væru þættir í mannkynssögu. Efni hetjukvæðisins tilheyrir sagnfræði. Auðvitað fjallar það um persónur og viðburði löngu liðins tíma, í fjarlægum löndum. Hlutverk skáldsins var að leiða í ljós fyrir áheyrendum sínum að slíkar frásagnir ættu erindi til þeirra, að þetta væri þeirra menningararfur.

Velsk hetjukvæði eru látin gerast í löndum Norður-Bretlands, sem voru hertekin af engilsaxneskum innflytjendum á síðara hluta 6. aldar og á öndverðri 7. öld. Bretar höfðu tekið sér bólfestu á víðum lendum Jórvíkurbyggða, Norðimbralands og Suður-Skotlands. Þeir börðust hraustlega við hina erlendu innrásarmenn, en lutu í lægra haldi.

Bretar í Norður-Wales sendu lið til að styðja landa sína; en þegar kom fram um miðja 7. öld urðu þeir einnig að hörfa undan. Hið forna Norðurland varð upp frá því sagnaland. Gamla höfðingjættir liðu undir lok, en minningar um forfeðurna lifðu í ljóðum og ættartölum.

Svo vill þó til að nokkur sagnfræðileg vitneskja um velsku hetjuöldina komst á bókfell. Til er á latínu ritlingur sem nefnist *Historia Brittonum*, saminn af velskum munkum um 829. Rit þetta breyttist mjög í síðari gerðum, og var þar einkum að verki Nennius nokkur sem jók það stórlega um miðbik 12. aldar. Frumgerð hefur varðveist í handriti sem skráð er um 1100.¹ Þetta er stutt ágríp af Bretlandssögu, frá því að Brito nokkur stofnaði ríkið og allt fram á ofanverða 7. öld. Höfundur hefur verið lærður maður sem kunnir að nota sér tímatalarit á latínu. Að lokum er frásögn af hinni ensku hertöku Norðimbraland. Samkvæmt engilsaxnesku konungatali hófst þessi innrás árið 547. Hefur höfundur bæklingins haft eintak af konungatalinu undir höndum og notar það til að ákvarða tímatal í síðasta kafla verks síns. Á þessa beinagrind bætir hann síðan fræðum um Bretakonunga sem börðust gegn innrásarmönnum. Nefnir hann fjóra konunga sem vörðust hetjulega á síðustu áratugum 6. aldar. Allir eru þeir kunnir garpar í velskum fornkvæðum: Urien ásamt sonum sínum, og Rhydderch, Gwallog og Morgan. En höfundurinn hefur einnig nokkurn fróðleik um skáld þessa tímabils. Garpurinn Outgirn, sem er ókunnur ella, er hér talinn helsti mótspyrnumaður gegn innrásarmönnum, og rétt á eftir er þess getið að á þessum tíma (*tunc*) væru fimm skáld að yrkja: *simul uno tempore in poemate Brittanico claruerunt*. Þau eru nefnd með nöfnum, en aðeins tvö þeirra eru kunn af öðrum heimildum, Aneirin og Taliesin. Hvorumtveggja er eignaður dálítill kveðskapur sem varðveittur er í handritum frá 13. öld. Þessi skáldskapur er fornlegur að málfari, og hann fjallar einmitt um hetjur hins glataða Norðurlands.

Sá sem samdi *Historia Brittonum* var gráðugri safnari en Ari, og kunnir sér ekki alltaf hóf í mati heimilda. Hann notaði fornar sagnir frá Írlandi og Wales jafnt sem enskar sögur um Hengest og Horsa. Hann vissi að ættartölur voru mikilvæg undirstaða; og það sem hér skiptir máli: hann taldi kvæðin vera sögulegar heimildir og reyndi að fella þau inn í tímatalskerfi sitt.

Garpar þeir sem rómaðir eru í norrænum skáldskap voru aldrei teknir með í söguritum sem hafa ákveðið tímatal. En til er norræn heimild frá miðbiki 12. aldar þar sem taldir eru margir garpar. Ég á að sjálfsögðu við Háttalykil sem eignaður er Rögnvaldi Kala Orkneyja-

¹ Sjá D. Dumville, 'The Corpus Christi "Nennius"', *Bulletin of the Board of Celtic Studies* xxv (1974), 369–79; 'Nennius and the *Historia Brittonum*', *Studia Celtica* 10–11 (1975–6), 78–95.

jarli og Halli Þórarinssyni. Kvæðið er fremur illa varðveitt og aðeins í ungum handritum, en þó má öruggt telja að það sé eldra en Háttatal Snorra Sturlusonar. Ætlunarverk skáldanna er að skýra ýmsa bragarháttu með dæmum. En efnið sjálft er merkilegt, því að hvert dæmi fjallar um einhverja fornhetju. Þarna kemur fram sérstakt álit á gangi sögunnar: hún streymir beint fram, frá fornaldargörpum allt til konunga þeirra sem Ari og eftirkomendur hans höfðu tímasett.

Röðin hefst á Sigurði Fáfnisbana, mestu hetju germanskra fornkvæða. Síðan koma nokkrir garpar sem fróðir menn höfðu fært til ættar eða mágsemda við Sigurð: Gjúkungarnir tveir, Gunnar og Högni, og einnig Helgi Hundingsbani og Ragnar loðbrók. Síðasti merkismaðurinn er Magnús berfættur Noregskonungur.

Höfundar þessarar garpaskrár fóru eftir nokkrum leiðarþráðum. Þeim var kunnugt um að Ragnar loðbrók var talinn ættafaðir konunga Dana og Svía, og því settu þeir Skjöldunga og nokkra konunga tengda Svíþjóð inn í miðja röðina. Þeir tóku Harald hárfagra og eftirkomendur hans í flokk með þjóðsagnahetjunum; þetta var allt samfelld sagnaarfleifi í augum tólftu aldar manna. Ég tel því óhætt að taka Háttalykil sem gildan vitnisbera um það efni sem talið var hæfa hetjukvæðum — og það á ritöld.

En þótt menn kynnu að skrifa var þeim ekki brátt að færa í letur skáldskap forn og nýjan. *Fyrsta málfræðiritgerðin* nefnir ekkert slíkt meðal þess sem tíðkist að rita á íslensku. Þó vitum við að skömmu eftir að ritgerðin var samin voru íslenskir fræðimenn farnir að safna ýmsum hetjukvæðum og setja þau á bókfell.² Menn sem ekki voru sjálfir skáld vildu njóta þess fróðleiks og fegurðar sem fólgin var í kvæðum er varðveist höfðu í minni manna öldum saman.

Árangur þessara fræðiiðkana er vel kunnur. Þaðan lá bein leið til stórbrotinna ritverka Snorra Sturlusonar, og með næstu kynslóð á eftir var Konungsbók færð í letur. Snorri var sjálfur skáld, en þó lagði hann mesta stund á söguritun og sagnalist. Eins og allir miklir lærdómsmenn vildi hann umfram allt koma lagi á þá þekkingu sem hann hafði dregið saman. Hann vildi koma staðreyndunum í fast kerfi, jafnt í bragfræði sem tímatali. Ef Snorri hefði ekki fundið hjá sér hvöt og mátt til að setja saman sína *artem poeticam*, þá hefði framkvæmdin dregist úr hömlu þangað til aðstæður voru orðnar miður heppilegar. Þannig fór

² G. Lindblad, 'Centrala eddaproblem i 1970-talets forskningsläge', *Scripta Islandica* 28 (1977).

í Wales, þar sem engin skáldskaparfræði voru samin fyrr en á 14. öld.

Þá er komið að því að drepa á elstu menjar velsks skáldskapar. Það elsta sem varðveist hefur er að finna í þremur söfnum frá 13. öld:

Black Book of Carmarthen Priory, um 1230 (BBC)

Book of Aneirin, MS Cardiff 1, um 1250 (BA)

Book of Taliesin, MS Peniarth 2, National Library of Wales, um 1275 (BT)

Tvö handritin voru með vissu skrifuð í munkaklastrum og sennilega einnig hið þriðja. Öll eru þau endurrit eftir gömlum skinnbókum.

BBC og BT geyma fjölbreytilegan skáldskap frá ýmsum tímabilum. BA fjallar eingöngu um hernaðinn í Norður-Bretlandi, að undanteknum þremur kvæðum annars efnis sem einhvern tíma hafa slæðst inn í safnið.

Því miður eru þessi fornu kvæði mjög torskilin. Ekki er þó við handritin að sakast; þau eru vel gerð og skriftin auðlæsileg. En skrifararnir skildu ekki vel hin eldri rit sem skrifuð voru með fornu letri og úreltri stafsetningu. Vera má að á undan hafi gengið forrit, hvert af öðru, í allt að 300 ár. Við vitum ekki hvenær kvæðin voru fyrst skrifuð upp, því að skarð er í heimildum skráðum á þjóðtungunni. Handrit á velsku eru varla til á tímabilinu frá miðri 10. öld til öndverðrar 12. aldar. Nokkrar smágreinar og brot eru til í velskum handritum frá 9. og öndverðri 10. öld. Stafsetning á þeim er mjög fornleg, en óvíst hve lengi hún hefur haldist, og því er torvelt að tímasetja þær minjar fornlegrar stafsetningar og skriftar sem reyndust riturum torráðnar á 13. öld; við getum aðeins sagt að þetta stafi frá frumritum sem skráð voru á 11. öld eða fyrr. Textarnir eru oft brenglaðir og stundum alveg óskiljanlegir. Skrifararnir reyndu að snúa orðunum í samtíðarbúning, en oft fóru þeir villir vegar og tókst miður vel að skilja úrelt orð og orðtæki — sem raunar gátu þegar hafa brenglast í forritum. Velskir vísindamenn hafa ráðið margar gátur síðustu 40 árin, en þó verða útgefendur enn í dag að gefast upp við margra torráðna staði.

Vandamál þau sem safnendur velskra fornkvæða áttu við að stríða á 13. öld koma greinilega fram í safninu BA. Þar má greina tvo mismunandi texta kvæðanna. Lengri textinn er skrifaður af svonefndum A-skrifara. Hann byrjaði á því að skrifa upp nokkur stutt kvæði, allt aftur á bls. 23. Þar lét hann tæpar tvær blaðsíður auðar, bætti síðan við

fjórum kvæðum lengri en hinum, tók þá aftur til að skrifa upp stutt kvæði, uns hann hætti skriftum sínum þegar átta blaðsíður lifðu handritsins. Þá kom annar til leiks, svonefndur B-skrifari. Rithönd hans er mjög lík hendi A. Hann fyllti auðu síðurnar í miðjunni og átta síðurnar að handritslokum. Uppskrift hans hefur glatast að nokkrum hluta, því að aftan af bókinni vantar að minnsta kosti þrjú blöð. En það sem varðar textakönnun mest er að B hafði fyrir sér forrit sem var töluvert frábrugðið því sem A hafði. Orðalag er oft mjög mismunandi hjá A og B. Sum kvæði verða samferða að nokkru leyti, en síðan fara þau hvort sína leið. Þótt B-textinn sé styttri, geymir hann samt nokkur kvæði sem vantar í A-textann, enda var forrit B miklu eldra en hitt sem A hafði. B hefur sumstaðar endurskrifað beint án þess að reyna að breyta stafsetningunni; mörg orð eru stafsett eftir venju manna á öndverðri 10. öld. Þannig voru tvær mismunandi gerðir af kveðskap Aneirins kunnar á 13. öld, báðar fornlegar og önnur þó meir en hin.

Safnið nefndist *Gododdin* eftir fyrirsögn í handritinu. Nafnið lýtur að ríki einu í Norður-Bretlandi, *Manau Gododdin*. Skáldskapur Aneirins er röð af harmljóðum um hetjur þessa ríkis. *Gododdin*, og einnig kveðskapur Taliesins sem var fjölbreyttari, var í miklum metum á 12. og 13. öld. Þetta voru engir forngripir, heldur nauðsynlegur þáttur af því sem hirðskáldin áttu að kunna og leggja rækt við. Þessi fornu kvæði voru mikilvæg í kappleikum sem skáldin háðu sín á milli. Vitnisburður er til um gildi kveðskapar Aneirins. Á einni blaðsíðu handritsins er svohljóðandi fyrirsögn: 'Sérhver vísa *Gododdins* er jafngild heilum flokki, vegna stöðu kvæðisins í skáldskaparkeppninni.' Síðan koma nokkrar tölur um nákvæmt gildi vísna, og loks segir svo: 'Ekkert skáld ætti að leggja í keppni án þessa ljóðs, fremur en maður skyldi fara í bardaga án vopna.' Tölur eru einnig settar við nokkur kvæði í BT.

Þessar tölur virðast vera mesti hégómi, en samt vitna þær um mikilvæga hluti. Ef skáldin á 12. og 13. öld hefðu einhverju sinni hætt að læra og flytja gamlan skáldskap, gæti vel verið að hann hefði glatast með öllu. Og tilviljun var það ekki að þessi kveðskapur var hátt metinn. Hann var að lifna við að nýju, þótt seint væri á skeiði hans. Hann var þáttur í menningarvakningu sem þá var á fullri ferð í velskum klaustrum og höfðingjasetrum — og raunar víða um Evrópu. Lærdómur stóð með miklum blóma, og skáldskapur var iðkaður með kostgæfni og tók miklum þroska. Samtímis tóku safnarar að endurrita gamla texta sem þeir gátu varla botnað í.

Blómatími velskra hirðkvæða hófst snemma á 12. öld og stóð allt fram á ofanverða 13. öld. Þrjátíu og eitt skáld eru kunn að nafni, og eitt eða fleiri kvæði varðveitt eftir hvern þeirra. Þessi skáld dvöldust við höfðingjahirðir í ýmsum héruðum Wales. Á 11. öld var enn mikil keppni milli ýmissa höfðingjaætta; ein ætt keppti við aðra um völd yfir öllu Wales. En í upphafi 12. aldar hlutu þessir smákonungar að fást við sameiginlegan óvin. Normannakonungar sem nú sátu á stóli Englands höfðu reynt að sigra Wales með því að setja stórhöfðingja niður á landamærum ríkisins, fá þeim miklar landeignir og víggirta kastala. Árið 1136 hófst uppreisn í landinu. Foringi var Owain frá Gwynedd, og ýmsir aðrir furstar studdu hann. Baráttan blossaði upp aftur og aftur, uns síðasti velski höfðinginn féll árið 1282.

Þessir höfðingjar voru bæði ríkir og framgjarnir. Sumir þeirra voru um stundar sakir í vináttu við enska konunga og mægðust jafnvel við þá. En þeir mátu sjálfstæði sitt mikils og lögðu ávallt rækt við innlendar venjur og menntir: einmitt þau efni sem skáldin höfðu í sinni vörslu.

Þetta var ný hetjuöld. 'Höfðingjaskáldin' sem svo eru nefnd ortu hersöngva og angurljóð, helgikvæði og mansöngva. En umfram allt horfðu þeir aftur til hinnar gömlu hetjualdar Norður-Bretlands. Þeir skírskotudu til Uriens konungs og annarra fornra garpa sem þeir nefndu, ásamt skáldum þeirra. Aneirin og Taliesin koma þar við sögu og einnig aðrir sem við vitum engin deili á, því að kvæði þeirra eru glötuð. Höfðingjaskáldin notudu orðaforða eldri skálda og stældu jafnvel efnisatriði og lýsingar.

Kveðskapur þessara tveggja fornskálda hefur verið gefinn út á prent af Ifor Williams: *Canu Taliesin* (Cardiff, 1960), ensk þýðing eftir J. E. Caerwyn Williams (Dublin, 1968); *Canu Aneirin* (Cardiff, 1938), ensk þýðing eftir K. H. Jackson í *The Gododdin* (Edinburgh University Press, 1969).

BT er safn af kvæðum ýmislegs efnis og frá ýmsum öldum. Sum kvæðin eru guðrækileg, sum fjalla um stjórn málaerjur á 10. öld. Inn á milli eru 12 kvæði með sérstöku sniði sem skilja má frá öðrum. Öll fjalla þau um hina bresku hetjuöld.

Garparnir Urien og sonur hans Owain koma fram í 9 kvæðum. Ríki þeirra hét Rheged, geysimikið land sem náði frá Glasgow í norðri og allt suður yfir Cumbriu og Lancashire. Feðgarnir vörðu land sitt vel gegn árásum Saxa, háðu miklar orrustur og höfðu lengi sigur.

Þrjú kvæði herma frá öðrum höfðingjum. Tvö eru lofsöngvar um

Gwallog þann sem nefndur er í *Historia Brittonum*. Eitt er um Cynan sem ríkti yfir Norðaustur-Wales á ofanverðri 6. öld. Að því er best verður vitað barðist hann þó ekki við Saxa, heldur varð hann frægur fyrir að gera innrásir í önnur velsk smáríki, og er talið að hann hafi herjað allt suður í Cornwall. Taliesin hrósar honum fyrir þessar hetju-dáðir.

Þessi 12 kvæði Taliesins eru að meðaltali 28 ljóðlínur. Þau lýsa hermennsku-samfélagi sem er í senn grimmúðugt og munaðargefið. Konungurinn fer í hernað ásamt sínum aðalbornu hermönnum, og spjót hans eru hvasseggjuð sem vængir dögunarinnar. Heróp óvinanna fyllir loftið eins og brimgnýr, en garpurinn hrekur þá á flótta eins og vargahópur eltir sauði. Skáldið hlýtur ríkuleg laun í höllu konungsins: gull og lendur, mjöð og bjór og skrautleg klæði. Eitt kvæði er fyrirgefn-ingarbæn (*dadolwch*); það er gert til að draga úr reiði höfðingja sem hafði móðgast. Þar segir skáldið að hann ætli ekki aftur að leita gjafa frá öðrum, heldur reiða sig á örlæti Uriens.

Kveðskapur Aneirins er aftur á móti ekki gerður til að hylla neinn tiltekinn velgerðarmann. Skáldið harmar fallna féлага í einsemd sinni og sorgum. Sjálfur var hann einn af þeim sem fóru til að vinna aftur virki nokkurt sem Saxar höfðu hertekið. Þrjú hundruð héldu af stað, en aðeins einn komst lífs af (eða 3 af 363 samkvæmt annarri gerð). Skáldið horfir aftur til þeirrar dýrðar sem nú er liðin undir lok. Hann lýsir konungsgarðinum þar sem hermenn glóddust við dýr vopn og frábæra hesta. Bardagalýsingar eru jafnvel enn grimmúðlegri en í kvæðum Taliesins.

Sögusviðið er vafalaust Norður-Bretland og óvinirnir þeir sömu og endranær. En hér sjást engin merki Uriens né bandamanna hans. Atburðir gerast í ríkinu Manau Gododdin, sem er hluti af Suður-Skotlandi með aðalstöð í Edinborg. Virkið sem á að endurheimta heitir Catraeth (þ. e. Catterick, skammt frá Richmond í Yorkshire). Fáein önnur örnefni er að finna í kveðskap Taliesins, en aðeins örfá nöfn garpanna koma annarsstaðar fram, og aðalpersónan er alveg ókunn. Hann nefnist Mynyddog hinn munaðargjarni og situr með hirð sinni í Edinborg. Þar hélt hann sínum 300 görpum veislu sem stóð í heilt ár, til að búa þá undir árásina.

Þessa fróðleiksmola má finna hér og hvar innan um harmatölur yfir föllnum köppum. Meir en hundruð hafa varðveist, og er hvert þeirra að meðaltali 10 línur. Nokkur eru til minningar um einstaka garpa,

önnur tala um ýmsa í senn, og sum eru almennar lýsingar á trylltum og vonlausum bardögum.

Garparnir eru að jafnaði ungir menn. Líf þeirra var stutt, segir skáldið, en löng var sorgin í hjörtum ættingja þeirra. Þeir guldu fullu verði mjöðinn sem þeir fengu í höllinni. Einn fórnaði lífi sínu til þess að frægð hans mætti lifa. Annar kaus að vera fæða handa úlfum og krákum fremur en að ganga í hjónaband fyrir altarinu. Einn var jafn sólginn í lík og hann hafði áður verið að drekka mjöð og vín. Nú er allt orðið hljótt, eftir teiti bardagans.

Mörg orð eru höfð til að tákna 'drottin' eða 'herforingja', og sýna þau vel anda þessa skáldskapar. Skulu nú talin nokkur hin algengustu:

arth, bjarndýr; *baedd coed*, villigöltur; *tarw*, graðungur; *blaidd*, úlfur; *llew* (< leo), ljón; *draig*, *dragon* (< draco, draconem), dreki; *eryr*, örn; *cyllaig*, hjörtur; *sarff* (< serpens), höggormur; *medel galon*, kornskurðarmaður óvinarins; *sychyn*, plóggjárn. Hermaðurinn er fóðrandi úlfa, kráka, arna og annarra ránfugla.

Íslensk skáld vissu ekkert um kveðskap Aneirins né Taliesins, né heldur eftirkomenda þeirra við hirðir velskra smákonunga. Óhugsanlegt er að velsk hirðskáld hafi þekkt norræn hirðkvæði. En hvorirtveggju sáu liðna hetjuöld í svipuðu ljósi. Það gátu þeir gert af því að lifnaðarhættir voru að mörgu leyti óbreyttir; hermannaveldi ríkti enn sem fyrr.